

Fornleifauppgröftur á Bakka á Tjörnesi 2013




Oddgeir Isaksen



FS522-12043

Reykjavík 2013





©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.is

Efni.

Inngangur	5
Framkvæmd og aðferðir	7
Niðurstöður	8
Svæði C, Vegstæði.....	8
Lóðir B1-B6.....	33
PCC-SE-lóðin (lóð B).....	35
Niðurlag.....	52
PCC-SE lóðin (svæði B)	52
Svæði B1-B6 (iðnaðarlóðir)	53
Svæði C (vegstæði)	53
Heimildir.....	57
Viðauki 1. Fornleifakort.....	58

Inngangur

Dagana 23 september-10 október 2013 fór fram fornleifakönnun á þremur fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum sem að mestu eru í landi Bakka á Tjörnesi, en ná einnig inn á land Húsavíkur að hluta. Var í fyrsta lagi um að ræða byggingarlóð sunnan Bakkaár, svonefnda PCC-SE-lóð (nefnd svæði B í fyrri fornleifaskýrslum, sjá Oddgeir Isaksen 2012a-b), í öðru lagi byggingarlóðir norðan Bakkaár (nefndar B1-B6 í umögn minjavarðar, sjá Sigurður Bergsteinsson 2013) og í þriðja lagi vegstæði iðnaðarveggar sem leggja á frá Húsavíkurhöfn norður á iðnaðarsvæðið á Bakka (nefnt svæði C í fyrri fornleifaskýrslum, sjá Oddgeir Isaksen 2012 a-b). Verkið var unnið að beiðni sveitarfélagsins Norðurlands og er það framhald rannsókna sem fóru fram haustið 2012, samkvæmt fyrirætlum minjavarðar Norðurlands eystra, þar sem grafinn var fjöldi könnunarskurða á svæðinu auk þess sem fornleifar voru mældar upp og merktar (sjá Oddgeir Isaksen 2012b). Verkstjórn var í höndum Oddgeirs Isaksen fornleifafræðings sem jafnframt sá um úrvinnslu og skýrsluritun, en einnig komu að verkinu fornleifafræðingarnir Gísli Pálsson, Lísabet Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson.

Í umsögn minjavarðar sem dagsett er þann 18. september 2013 er sagt fyrir um mótvægisáðgerðir sem hann taldi nauðsynlegt að færu fram áður en framkvæmdir gætu hafist á viðkomandi svæðum. Á flestum minjastöðunum taldi minjavörður nauðsynlegt að láta grafa könnunarskurði í fornleifarnar til þess að kanna aldur þeirra og eðli, auk þess sem gera skildi uppmælingar á þeim. Auk þess þurfti að láta fara fram fullnaðaruppgröft á einum stað. Loks voru nokkrir staðir sem ekki töldust í *stórhættu* vegna framkvæmda en voru samt sem áður taldir geta lent í uppnámi, t.d vegna umferðar vinnuvéla um svæðið. Taldi minjavörður nóg að þær fornleifar væru merktar á áberandi hátt til að verja þær raski (Sigurður Bergsteinsson, 2013).

Á verktímanum bættist við 2 minjastaðir, þúst SP-313:192 og kálgarður SP-313:182. Hafði sá fyrrnefndi ekki verið skráður áður en sá síðarnefndi hafði verið skráður en hafði ekki lent með í umsögn minjavarðar vegna villu í staðsetningarhnitum. Taldi minjavörður

nauðsynlegt að rannsaka þúst SP-313:192 með fullnaðaruppgreftri en kálgarð SP-313:182 með könnunarskurðum (sbr. verkfund á vettvangi með minjaverði 25. september 2013, sjá einnig nánar í umfjöllun um minjastaðina hér að neðan). Þegar verkið var langt komið bárust upplýsingar um skipulagsbreytingar á PCC lóðinni sem urðu til þess að gera þurfti fullnaðaruppgroft á einum minjastað, tóft SP-312:067, sem áður var talinn úr hættu (sbr. verkfund á vettvangi með minjaverði 4. október 2013, sjá einnig nánar í umfjöllun um minjastaðina hér að neðan).

Í töflu 1 hér að neðan má sjá lista yfir þær 25 fornleifar sem rannsóknin náði yfir, ásamt fyrirmælum minjavarðar um mótvægisaðgerðir.

Tafla 1. Yfirlit fornleifar til athugunar haustið 2013.

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Fyrirmæli um mótvægisaðgerðir
SP-312:005	C	þúst/útihús	mæla/skurður
SP-312:023	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-312:030	C	tóft/fjárhús	mæla/skurður
SP-312:031	C	gata/leið	mæla
SP-312:043	C	tóft/óþekkt	mæla/merkja
SP-312:044	B1-B6	garðlag/óþekkt	mæla/skurður
SP-312:047	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-312:048	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-312:066	B	tóft/óþekkt	mæla/merkja
SP-312:067	B	tóft/óþekkt	mæla/skurður/uppgroftur
SP-312:072	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-312:075	B	garðlag/óþekkt	mæla/skurður
SP-313:095	C	tóft/fjárhús	mæla/merkja
SP-313:105	C	tóftir/beitarhús	mæla/merkja
SP-313:174	C	tóftir/óþekkt	mæla/merkja
SP-313:175	C	hús/kartöflugeymsla	mæla
SP-313:177	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-313:180	C	garðlag/vörslugarður	mæla/skurður
SP-313:181	C	tóft/óþekkt	mæla/merkja
SP-313:182	C	gerði/kartöflugarður	mæla/skurður

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Fyrirmæli um mívægisaðgerðir
SP-313:191	B	þúst/óþekkt	mæla/uppgroftur
SP-313:192	B	þúst/óþekkt	mæla/uppgroftur
SP-313:193	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður
SP-313:194	C	gerði/kálgarður	mæla/skurður
SP-313:195	C	gerði/kálgarður	mæla/skurður

Framkvæmd og aðferðir

Uppgroftur

Alls voru grafnir 24 könnunarskurðir í 14 fornleifar og var notast við skurðgröfu í öllum tilvikum. Sniðteikningar voru gerðar og ljósmyndir teknar í þeim skurðum þar sem mannvistarlög voru sýnileg en í öðrum skurðum var ljósmyndun látin nægja. Fullnaðargroftur var jafnframt gerður á þremur fornleifum og var um dysjar eða þústir að ræða í tveimur tilvikum (SP-313:191 og SP-313:192) en tóft (SP-312:067) í einu tilviki.

Uppgroftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Forleifastofnunar Íslands (Lucas, 2003). Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gróf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafinn upp á Bakka á Tjörnesi. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa

niðurstöðum uppgrafter í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Uppmæling

Fornleifar voru mældar upp með DGPS-stöð, en einnig voru allir könnunarskurðir mældir inn auk þess sem yfirborðsmæling var gerð á einni tóft. Niðurstöður uppmælinganna eru birtar á kortum aftast í skýrslunni (sjá viðauka 1).

Merking fornleifa.

Alls voru 6 fornleifar girtar af á áberandi hátt og sáu starfsmenn Húsavíkurbæjar um það verk samkvæmt fyrirmælum fornleifafræðinga á staðnum.

Niðurstöður

Svæði C, Vegstæði.

Alls voru 18 fornleifar sem taldar voru í hættu á svæði C. Er þeim lýst í landfræðilegri röð frá norðri til suðurs í eftirfarandi umfjöllun og greint frá mótvægisaðgerðum sem gripið var til þeirra vegna.

SP-312:047 þúst/óþekkt

Þúst SP-312:047 er skráð í vesturjaðri gamla heimatúnsins á Bakka (Uggi Ævarsson, 2012), á mörkum þess og mýrlendis. Vegstæði C liggur þétt vestan við þústina og var hún merkt haustið 2012 til að verja hana raski, samkvæmt fyrirmælum minjavarðar. Haustið 2013 var það svo ákvörðun minjavarðar að grafa þyrfti könnunarskurð frá þústinni vestur í vegstæðið til að kanna umfang og aldur mannvistarlaga ef einhver væru. Var grafinn 1 skurður, SK-312:047 til vesturs frá þústinni. Er skemmst frá því að segja að engin mannvistarlög sáust í skurðinum (sjá meðfylgjandi ljósmynd af sniðinu, mynd 1) og er því líklega um náttúrumynd sé að ræða.



Mynd 1: Vesturendi á suðursniði könnunarskurðar SK-312047. Er þessi hluti innan hinnar meintu þústar og eru engin mannvistarlög sýnileg.

SP-312:023 þúst/óþekkt

Þessi þúst, sem eru um 7 x 6 m að stærð, er á náttúrulegum hrygg eða hólrana, sem liggur nokkurn vegin norður suður, rétt norðan Bakkaár, þar sem er einnig að finna þústir SP-312:005 og SP-312:048. Er SP-312:023 nyrst á hryggnum, því næst SP-312:005 og SP-312:048 er svo syðst (sjá viðauka 1, kort 7). Kemur hinn fyrirhugaði vegur kemur til með að liggja nálægt vestanverðum hólnum frá norðri til suðurs. Grafnir voru þrír könnunarskurðir (SK-312005, SK-312023, SK-312048) frá vestanverðri hólbrúninni og inn í vestæðið, einn vestur frá hverri þúst. Var tilgangurinn að kanna umfang mannvistarlaga tengd áður nefndum minjum á hryggnum.

Þúst SP-312:023 er um 20 m norður af þúst SP-312:005 og var skurður SK-312023 grafinn vestur frá henni (sjá viðauka 1, kort 7) inn í mitt vegstæði C. Var skurðurinn um 22,5 má lengd og sáust mannvistarlög í honum á um 10 m löngum kafla frá vestri til austurs, sem voru að mestu undir gjósku úr Heklu sem talin er hafa fallið árið 1300 (H-1300) og því klárlega eldri en hún. Var um að ræða lög sem innihéldu móösku og viðarkol, en einnig torfrík lög sem talin voru geta verið hrunlög frá mannvirkjum (sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 5 og töflu 2 þar sem lögunum er lýst). Vegna þess



Mynd 2: Horft til austurs yfir könnunarskurð SK-312023, nálægt upphafi uppgrافتar. Í forgrunni hægra megin má sjá forsögulegu Heklugjóskuna H3 á sínum stað, en önnur lög á myndinni eru mannvistarlög.

hveru ríkur af mannvistarlögum þessi hluti skurðarins var, var ákveðið að stækka hann og grafa í fleti með viðeigandi aðferðum. Fundust engin mannvirki við þá framkvæmd en torfrík lög voru áberandi (sjá mynd 2).

Við uppgröftinn fannst sylgja úr koparblöndu (sjá mynd 3) sem talinn er geta verið frá 10.-12. öld (bráðabirgðaniðurstöður) en einnig fannst klébergsbrot (sjá mynd 4), að öllum líkindum úr grýtu, sem talið er vera frá víkingaöld. Þykja þessar niðurstöður benda til þess að þess að frekari mannvistarleifar, hugsanlega mannvirki, sé að finna í næsta nágrenni og þá líklega í sjálfu vegstæðinu. Benda niðurstöður úr skurðum SK-312005 og SK312048 í líka átt. Ekki er loku fyrir það skotið að þessi mannvistarlög hafi borist frá mannvirkjum uppi á hólum, sem eru ekki í sérstakri hættu vegna vegagerðarinnar, en þar sem að engin mannvist var greinileg, á um 12,5 m löngum kafla næst mannvirkjunum, verður að teljast líklegra að lögin hafi borist frá mannvirkjum sem kunna að leynast í sjálfu vegstæðinu.



Mynd 3: Sýlgja frá 10-12 sem fannst í könnunarskurði SK-312023.



Mynd 4: Klébergsbrot, að líkindum frá víkingaöld, sem fannst í könnunarskurði SK-312023.


SP-312:005 þúst/útihús

Þúst SP-312:005 sem er um 20 m suðvestur af þúst SP-312:023, er um 7 x 3 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Í skurði SK-312005, sem grafinn var til vesturs frá þúst SP-312:005 inn í vegstæði C, sáust nokkuð greinileg mannvistarlög, sem innihéldu móösku, viðarkol og torfhröngl, en engin mannvirki voru greinileg. Skurðurinn var um 12 m langur og sáust þessi lög á um 7,5 m löngum kafla í sniðinu frá vestri til

austurs (sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 6 og töflu 3 þar sem lögunum er lýst) og voru þau undir H-1300 gjóskunni og því eldri en hún. Líkt og er með skurð SK-312023, verður að teljast líklegt að þessi mannvistarlög hafi borist frá mannvirkjum sem kunna að leynast í sjálfu vegstæðinu þar sem þau eru öll í vesturhluta skurðarins.

SP-312:048. þúst/óþekkt

Þúst SK-312:048 er fast sunnan við þúst SP-312:005 og er hún um 15 x 4 m að stærð með norðaustur-suðvestur. Í skurði SK-312048 sem grafinn var til vesturs frá þúst SP-312:048 inn í vegstæði C sást nokkuð greinileg mannvistarlög, sem innihéldu móösku, viðarkol og torfhröngl, en engin mannvirki voru greinileg. Skurðurinn var um 10 m langur og sást mannvistarlögin á um 9 m kafla frá vestri til austurs og voru þau að mestu undir H-1300 gjóskunni(sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 7 og töflu 4 þar sem lögunum er lýst). Líkt og er með skurði SK-312005 og SK-023, verður að teljast líklegt að þessi mannvistarlög hafi borist frá mannvirkjum sem kunna að leynast í sjálfu vegstæðinu.




Mynd 5: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-312023. Lögnum sem sjást á teikningunni er lýst í töflu 2.

Tafla 2: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-312023.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
23001	SK-312_023	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grasrót
23002	SK-312_023	Jarðlag	Dökk brún fokmold.
23003	SK-312_023	Jarðlag	Brún fokmold með blettum af móösku.
23004	SK-312_023	Jarðlag	Blandað mannvistarlag. Móaska torf og viðarkol.
23005	SK-312_023	Jarðlag	Fokmold, aðeins blönduð V-1477.
23006	SK-312_023	Jarðlag	Gráleitt, leirkennt lag, með rústrauðum torfblettum og torfblettum sem innihalda H3. Undir H-1300.
23007	SK-312_023	Jarðlag	Röndótt torf og móaska sem safnast hefur upp á náttúrulega bingu. Móaskan mjög hrein.
23008	SK-312_023	Jarðlag	Brún fokmold með blettum af móösku.


Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
23009	SK-312_023	Jarðlag	Blandað mannvistarlag
23010	SK-312_023	Jarðlag	Móaska
23011	SK-312_023	Jarðlag	Blandað mannvistarlag
23012	SK-312_023	Jarðlag	Fokmold
23013	SK-312_023	Jarðlag	V-1477 óhreyfð. Skráð undir númeri hér þar sem hún var grafin í plani. Grafið í fleti.
23014	SK-312_023	Jarðlag	Blandað/hreyft lag. Hugsanlega uppmoksturslag. Gæti líka verið hrun. Grafið í fleti
23015	SK-312_023	Jarðlag	Blandað lag undir V-1477 og yfir H-1300. Dökkbrún fokmold með gulum og svörtum blettum. Inniheldur móöskubletti. Gæti verið sama og [23003].
23016	SK-312_023	Jarðlag	Sama og [23015].
23017	SK-312_023	Jarðlag	Grábrúnt lag. Blanda af torfi, móösku og viðarkolum. Grafið í fleti. Undir H-1300.
23018	SK-312_023	Jarðlag	Blandað lag. Hugsanlega uppmoksturslag.
23019	SK-312_024	Jarðlag	Blandað torfríkt lag. Situr ofaná óhreyfðu.
V-1477	SK-312_024	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.
H-1300	SK-312_024	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
V-940	SK-312_024	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá því um 940. Er yngsta gjóskulagið í svonefndri Landnámssyrpu (LNS). Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða Grímsvatnalagið sem sést í sniðinu
(LNS)	SK-312_024	Jarðlag	Dökk gjóska úr Grímsvötnum. Líklega frá því um 800. Er hluti af landnámssyrpunni (LNS). Ekki alveg örugg greining. Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða V-940 sem sést í sniðinu.



Mynd 6: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-312005. Lögnum sem sjást á teikningunni er lýst í töflu 3.

Tafla 3: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-312005.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
5001	SK-312_005	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa. Inniheldur slitrur af V-1477.
5002	SK-312_005	Jarðlag	Dökkbrún sendin fokmold með örhlitlum móðskuskellum. Er beint ofaná H-1300.
5003	SK-312_005	Jarðlag	Blandað lag. Fokmold með smáum viðarkolamolum.
5004	SK-312_005	Jarðlag	Móðskulag blandað kolaríkri viðarösku.
5005	SK-312_005	Jarðlag	Viðarkolalag.
5006	SK-312_005	Jarðlag	Rauðbrún fokmold
5007	SK-312_005	Jarðlag	Torfblandingur. Gæti verið hrun.
H-1300	SK-312_005	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
V-940	SK-312_005	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá því um 940. Er yngsta gjóskulagið í svonefndri Landnámssyrpu (LNS). Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða Grímsvatnalagið sem sést í sniðinu.
(LNS)	SK-312_005	Jarðlag	Dökk gjóska úr Grímsvötnum. Líklega frá því um 800. Er hluti af landnámssyrpunni (LNS). Ekki örugg greining. Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða V-940 sem sést í sniðinu.
H3	SK-312_005	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.



Mynd 7: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-312048. Lögnum sem sjást á teikningunni er lýst í töflu 4.

Tafla 4: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-312048

.Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
48001	SK-312_048	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa.
48002	SK-312_048	Jarðlag	Blandað lag. Fokmold með skellum af móösku og smáum viðarkolamolum.
48003	SK-312_048	Jarðlag	Blandað mannvistarlag. Móaska og viðarkol í bland við fokmold. Smáum.
48004	SK-312_048	Jarðlag	Blandað torfríkt lag (dökkt torf með H3) blandað móösku.
48005	SK-312_048	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Ofaná H3.
48006	SK-312_048	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Undir H3.
48007	SK-312_048	Jarðlag	Torf með móöskulinsum.
H-1300	SK-312_048	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
V-940	SK-312_048	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá því um 940. Er yngsta gjóskulagið í svonefndri Landnámssyrpu (LNS). Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða Grímsvatnalagið sem sést í sniðinu.
(LNS)	SK-312_048	Jarðlag	Dökk gjóska úr Grímsvötnum. Líklega frá því um 800. Er hluti af landnámssyrpunni (LNS). Ekki alveg örugg greining. Ekki ljóst hvort það er þessi gjóska eða V-940 sem sést í sniðinu.
H3	SK-312_048	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.

SP-312:072. þúst/óþekkt

Þúst SP-312:072 er nálægt sjávarbakka, um 200 m sunnan Bakkaár (sjá viðauka 1, kort 7) og liggur vegstæði C til með að liggja utan í hana austanverða. Grafinn var könnunarskurður (SK-312072) í gegnum þústina frá austri til vesturs. Sáust engin mannvistarlög í skurðinum og því er ljóst að um náttúrulega hólbungu sé að ræða.




Mynd 8: Hluti af suðursniði könnunarskurðar SK-312072, nánar tiltekið á hólbungu þústarinnar. Ljósá lagið í botni skurðarins er forsögulega Heklugjósan H3 en fyrir ofan hana í sniðinu, allt upp undir grasrót, er fokmold. Mátti greina slittrur af H-1300 gjóskunni og V-1477 í henni en engin mannvistarlög.

SP-312:030 tóft/fjárhús

Fjárhústóft SP-312:030 er á sjávarbakka um 60 m suður af þúst SP-312:072. Tóftin, sem er niðurgrafin, er um 8 x 5 m að stærð og liggur austur vestur, með dyr við suðvesturhorn. Er hún svo til algróin en þó má greinilega sjá leifar garða sunnanvert í henni sem liggur austur vestur. Telst þessi tóft í stórhættu vegna vegagerðar þar sem vegstæðið C liggur yfir austurenda hennar.

Grafnir voru tveir könnunarskurðir í tóftina SK-312030A og SK-312030B. Var skurður SK-312030A grafinn út úr austurenda tóftarinnar en skurður SK-312030B út úr austan verðum suðurvegg (sjá viðauka 1, kort 7). Sást að timburpil hefur verið meðfram grunni hússins og trégrindur í gólfi, auk grjóthleðslna í áðurnefndum garða (sjá meðfylgjandi flatarteikningu, mynd 9 og ljósmynd, mynd 10).




Mynd 9: Flatarteikning af vesturenda könnunarskurðar SK-312030A, þar sem má sjá leifar af grindum í gólfi fjárhússins.

Grinda-eða rimlagólf komu fyrst til sögunnar á Íslandi um 1760 og voru þá sett í fjárhús, einkum á norðurlandi, til að halda taðinu þurru þar sem var fjörubeit. Samfara aukinni innistöðu og kraftmeiri fóðrun þá breiddist þessi tækni hratt út þannig að 1977 var stærstur hluti fjárhúsa á Íslandi með grindagólfi (Sigurður Þ. Guðmundsson og Torfi Jóhannesson, 2005). Út frá gjóskulögum sem sáust í skurðum SK-312030A og SK-


312030B er ljóst að grafið hefur verið fyrir fjárhúsinu eftir 1717 en niðurgröfturinn sker gjóskulag úr Veiðivötnum (V-1717) sem talið er hafa fallið það ár (sjá meðfylgjandi prófílteikningu, mynd 11 úr SK-312030B). Hitt er svo annað mál hversu löngu eftir 1717 fjárhúsið var byggt, en grindur hafa í það minnsta ekki verið settar í gólf þess fyrr en um og eftir 1760. Húsið hefur að líkindum verið í notkun eitthvað fram eftir 20. öld, en plast fannst m.a. í gólfi þess. Verður ekki farið nær um aldur þessa fjárhúss en að það hefur verið byggt eftir 1717 og verið notkun fram eftir 20. öld.




Mynd 10: Horft til austurs eftir könnunarskurði SK-312030A þar sem sjá mátti leifar grinda í gólfi fjárhússins og timburpil meðfram austurvegg.



Mynd 11: Prófilteikning úr könnunarskurði SK-312030 B (suðurveggur fjárhússins), þar sem má sjá jarðlög skorin af niðurgreftri fyrir fjárhúsinu.



Mynd 12: Teikning af suðursniði könnunarskurðar SK-312030A, þar sem m.a má sjá leifar timbers úr þiljum og stoðgrind fjárhússins ásamt grjóthleðslum í garða. Er lögum sem sáust í sniðinu lýst nánar í töflu 5 hér að neðan.



Mynd 13: Teikning af austursniði könnunarskurðar SK-312030B ásamt þverskurði yfir garðann í fjárhúsinu og könnunarskurð SK-312030A. Má m.a leifar timburpilsins upp að suðurvegg fjárhússins.

Tafla 5: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurðum SK-312030A og SK-312030B

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
30001	SK-312_030A	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa.
30002	SK-312_030A	Jarðlag	Fylling á milli timburpils og grjóthleðslu í garða.
30003	SK-312_030A	Jarðlag	Laus mold. Virðist sitja í holrími undir garða.
30004	SK-312_030A	Jarðlag	Nokkuð blandað lag. Gæti verið hrun úr þekju. Hugsanlega sama og 3013.
30005	SK-312_030A	Jarðlag	Dökkbrún fokmold.
30006	SK-312_030A	jarðlag	Grjóthleðslur í garða.
30007	SK-312_030A	Jarðlag	Fokmold.
30008	SK-312_030A	Jarðlag	Timburpil upp að garða.
30009	SK-312_030A	jarðlag	Grindur í gólfi fjárhússins.
30010	SK-312_030A	Jarðlag	Undirlag undir Grindum [30009]. Inniheldur að líkindum tað.
30011	SK-312_030A	Jarðlag	Pil upp að "austurvegg" niðurgrafter fyrir fjárhúsinu.
30012	SK-312_030A/B	Jarðlag	Fylling á milli timburpils og niðurgrafter fyrir fjárhúsinu.
30013	SK-312_030B	Jarðlag	Dökkbrúnt torfhrunslag með blettum af H3 gjóskunni. Gæti verið hrun úr þekju.
30014	SK-312_030B	Jarðlag	Torfblandingur með blettum af H3 gjóskunni. Líklega hrun úr þekju.
30015	SK-312_030B	Jarðlag	Dökkbrún mold.
30016	SK-312_030B	Jarðlag	Dökkbrún mold. Inniheldur dökka gjósku.
30017	SK-312_030B	Jarðlag	Dökkbrúnn torfblandingur.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
30018	SK-312_030B	Jarðlag	Brúnt og frekar þétt og blautt lag með járnútfellingum.
30019	SK-312_030B	Jarðlag	Mjög þétt og blautt lag með járnútfellingum. Svipað [3018] en mun þéttara.
30020	SK-312_030B	Jarðlag	Fylling í Stoðarholu [30021].
30021	SK-312_030B	Niðurgröftur	Stoðarhola.
30022	SK-312_030B	Jarðlag	Dökkbrún fokmold.
30023	SK-312_030B	Jarðlag	Niðurgröftur fyrir fjárhúsi.
V-1717	SK-312_030A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/Bárðarbungukerfinu frá 1717.
V-1477	SK-312_030A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.
H-1300	SK-312_030A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
V-940	SK-312_030A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá því um 940. Er yngsta gjóskulagið í svonefndri Landnámssyrpu (LNS).
(LNS)	SK-312_030A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Grímsvötnum. Líklega frá því um 800. Er hluti af landnámssyrpunni (LNS). Ekki alveg örugg greining.
H3	SK-312_030A/B	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.
H4	SK-312_030A/B	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 4500 ára gömul.

SP-312:031 gata/leið

Reiðgötur liggja meðfram sjávarbakka til suðvesturs frá fjárhúsum SP-312:030. Má rekja þær um 130 m til suðvestur frá fjárhúsunum en eftir það liggja þær aflíðandi til suðurs og austur, um 170 m, þar sem þær hverfa um 30 m frá götum SP-311:014 sem mældar voru upp 2012 og liggja norðaustur-suðvestur, meðfram malarveginum um Bakkaland. Er ekki ólíklegt að götur SP-312:031 hafi tengst síðarnefndu götunum, þótt ummerki um það hafi ekki verið skýr. Voru reiðgötur SP-312:031 mældar upp samkvæmt fyrirmælum minjavarðar Norðurlands eystra þar sem þær teljast í stórhættu vegna vegagerðar (sjá viðauka 1, kort 6).

SP-312:043 tóft/Óþekkt Svæði A


Tóft SP-312:043, sem er um 8 x 3 m að stærð með norður-suður legu, er á sjávarbakka, um 270 m suðvestur af tóft SP-312:030, telst ekki í beinni hættu vegna vegagerðarinnar en þó var það mat minjavarðar að hún gæti orðið fyrir áhrifum vegna umferðar vinnuvéla. Því var hún mæld upp og merkt á áberandi hátt til þess að verja hana raski (sjá viðauka 1, kort 6).

SP-313:095 **tóft/fjárhús**


Tóft SP-313:095, sem nefnist Forvaðafjárhús, er á sjávarbakka um 40 m suðvestur af tóft SP-312:043 og er hún um 8 x 7 m að stærð með austur-vestur legu. Telst hún ekki í sérstakri hættu vegna vegagerðarinnar, en þó var það mat minjavarðar að hún gæti orðið fyrir áhrifum vegna umferðar vinnuvéla. Því var hún mæld upp og merkt á áberandi hátt til þess að verja hana raski (sjá viðauka 1, kort 6).

SP-313:194 **gerði/kálgarður**

Gerði SP-313:194 er um 190 m suðaustur af Forvaðafjárhúsum SP-313:095. Er þessi fornleif upphaflega skráð af Bjarna F. Einarssyni 2012 undir númerinu 5:1 (sjá Bjarni F. Einarsson 2012) og er að líkindum um kálgarð að ræða, en sjá má móta fyrir óljósum hleðslum umhverfis hann. Vegstæði C liggur yfir kálgarðinn að hluta og því taldi minjavörður nauðsynlegt að láta mæla hann upp, ásamt því að grafa í hann skurði til að kanna aldur þess. Kálgarðurinn liggur nokkurn vegin norður-suður utan í brekku og eru hinar meintu veggjarhleðslur meðfram vestur og suðurjaðri hans. (sjá viðauka 1, kort 5) Voru grafnir tveir skurðir, annar í suðurvegginn (SK-313194A), en hinn í vesturvegginn (SK-313194B). Eru niðurstöður úr sniðum beggja skurðanna svipaðar, en hinar meintu hleðslur reyndust vera uppmokostur úr kálgarðinum sem safnast hafði upp meðfram jöðrum hans. Var þessi uppmokstur undir hreinum yfirborðsjarðvegi en beint ofaná óhreyfðri V-1717 gjóskunni og því hefur kálgarðurinn verið í notkun eftir að hún féll (sjá sniðteikningar, myndir 14-15 og töflu 6 þar sem lögum sem sáust í skurðunum er lýst.). Verður ekki farið nær um aldur kálgarðsins en að hann sé frá því eftir 1717, enn engin merki um mannvist voru sýnileg fyrir þann tíma.



Mynd 14: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-313194A.



Mynd 15: Teikning af vestursniði könnunarskurðar SK-313194B.


Tafla 6: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurðum SK-312194A og SK-312194B

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
194001	SK-313194A-B	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa
194002	SK-313194A	Jarðlag	Blandað hreyft lag með blettum af dökkri gjósku. Merki um ræktun í kálgarðinum.
194003	SK-313194A	Jarðlag	Brún sandkennd fokmold. Ofaná V-1717.
194004	SK-313194A	Jarðlag	Brún sandkennd fokmold. Undir V-1717.
194005	SK-313194A	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Á milli V-1477 og H-1300.
194006	SK-313194A	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Undir H-1300.
194007	SK-313194B	Jarðlag	Ljósbrún fokmold ofaná V-1717.
194008	SK-313194B	Jarðlag	Brún sandkennd fokmold. Á milli V-1477 og V-1717.
194009	SK-313195B	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Undir V-1477 en ofaná H-1300.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
194010	SK-313195B	Jarðlag	Brún fokmold.
V-1717	SK-313194A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/Bárðarbungukerfinu frá 1717.
V-1477	SK-313194A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.
H-1300	SK-313194A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
H3	SK-313194B	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.

SP-313:177 búst/óþekkt

Búst SP-313-177 er um 50 m suður af kálgarði SP-313:195. Er um að ræða eina greinilega vegghleðslu sem liggur norður suður en vestan við hana má svo sjá móta fyrir útlínunum byggingar, um 8 x 4 m að stærð, sem hefur verið með austur-vesturlegu. Er líklega um að ræða undirstöður timburkofa, sem hefur verið með upphlöðnum torfvegg við vesturgafli. Vegstæði C liggur yfir austurenda þessarar fornleifar og telst hún því í stórhættu (sjá viðauka 1, kort 5). Því var það mat minjavarðar að mæla þyrfti rústina upp ásamt því að grafa könnunarskurð til að kanna aldur hennar og eðli. Grafinn var einn könnunarskurður í gegnum torfvegginn. Í sniðum skurðarins sást að torveggurinn, sem var hlaðinn úr strengjatorfi, var byggður ofaná hreina fokmold sem aftur sat ofaná V-1717 gjóskunni. Mátti einnig sjá linsur af V-1717 í hleðslunum sem og V-1477. Það er því ljóst að veggurinn er byggður eftir að V-1717 gjóskan féll og að líkindum talsvert mikið seinna, að líklegast á 20. öld, því austan við vegginn, innan þess hluta þar sem sást móta fyrir útlínunum byggingar, sást talsvert af fremur nútímalegu rusli, einkum plasti og sat það að mestu í um 0,4 m djúpri holu (sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 16 og töflu 7 þar sem jarðlögum er lýst). Verður ekki farið nær um aldur þessarar fornleifar, en hvað varðar hlutverk kofans sem þarna stóð þá er ekki ólíklegt að hann hafi tengst þeirri starfsemi sem fór fram í kálgörðum sem eru þarna í næsta nágrenni.



Mynd 16: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-313177.

Tafla 7: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-313177

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
177001	SK-313_177	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/fokmold
177002	SK-313_177	Niðurgröftur	Niðurgröftur fylltur blönduðum jarðvegi [177003].
177003	SK-313_177	Jarðlag	Fylling í holu [177002]. Inniheldur talsvert af nútímalegu rusli, þ.e glerbrot og plast.
177004	SK-313_177	Jarðlag	Torfhleðsla. Hefur verið við vesturgafi á timburkofa. Hleðslur innihalda linsur af V-1717 og V-1477. Þrjú umförf af hleðslum. Ekki vönduð hleðsla.
177005	SK-313_177	Jarðlag	Rauðbrún og sendin fokmold. Situr ofaná V-1717.
177006	SK-313_177	Jarðlag	Brún fokmold.
177007	SK-313_177	Jarðlag	Ljósbrún fokmold.
V-1717	SK-313_177	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/Bárðarbungukerfinu frá 1717.
V-1477	SK-313_177	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.


SP-313:193 þúst/óþekkt

Þúst SP-313:193 er staðsett um 65 m suðaustur af þúst SP-313:177 (sjá viðauka 1, kort 5) en hún var skráð sem nr. 3:1 af Bjarna F. Einarssyni 2012 (Bjarni F. Einarsson 2012). Samkvæmt fyrirætlum minjavarðar þá átti að grafa könnunarskurð í þessa þúst þar sem hún væri í hættu vegna tengivegar sem leggja á frá vegstæði C til austur að

Þjóðvegi (kortaupplýsingar um þennan veg liggja ekki fyrir í gögnum Fornleifastofnunar) Þau mistök áttu sér þó stað, þegar gröftur könnunarskurða fór fram á þessu svæði að ekki var grafinn skurður í þúst SP-313:193, heldur í kálgarð sem er um 7 m sunnar og skráður er hér sem SP-313:195. Ætlunin er því að grafa könnunarskurð í þúst SP-313:193 strax vorið 2014.

SP-313:195 gerði/kálgarður

Eins og fram hefur komið, þá var grafinn könnunarskurður í kálgarð SP-313:195 fyrir mistök í stað þess að grafa skurð í þúst SP-313:193 eins og minjavörður hafði mælt fyrir um. Þessi skurður, SK-313:195 sem grafinn var austarlega í gegnum norðurenda kálgarðsins, var þó ekki algjörlega grafinn að óþörfu, þar sem sá er þetta ritar taldi að þar mætti sjá móta fyrir hleðslum. Í skurðinum sáuð þó ekki greinilegar hleðslur en líkt og í skurðunum sem grafnir voru í kálgarð SP-313:194 mátti þó sjá hvernig jarðvegur hafði verið stunginn upp úr garðinum og honum mokað upp að jöðrum kálgarðsins og því leit út fyrir að þar væru hleðslur. Hafði greinilega verið stungið í gegnum V-1477 gjóskuna og því er öruggt að kálgarðurinn er frá því eftir 1477 (sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 17 og töflu 8 þar sem lögunum er lýst) . V-1717 gjóskan var ekki sýnileg í sniðinu en þó er talið líklegt, eftir útliti kálgarðsins á yfirborði að dæma, að hann sé einnig yngri en hún eða frá 19.-20. öld.



Mynd 17: Teikning af vestursniði í könnunarskurði SK-313:195.

Tafla 8: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-313195


Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
195001	SK-313196	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa
195002	SK-313196	Jarðlag	Brúnleitur, hreyfður jarðvegur. Líklega uppmokstur úr kálgarðinum.
195003	SK-313196	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Ofaná H3.
195004	SK-313196	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Á milli H3 og H4.
195005	SK-313196	Jarðlag	Ljósbrún fokmold. Undir H4.
V-1477	SK-313196	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.
H3	SK-313196	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.
H4	SK-313196	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 4500 ára gömul.

SP-313:182 gerði/kálgarður


Kálgarður SP-313:182 er um 180 m norður af mynni Laugardals. Er í raun um að ræða þrjú samsíðahólf sem liggja norðvestur-suðaustur og mynda stalla í aflíðandi brekku sem hallar mót suðvestri, fram á sjávarbakka (sjá viðauka 1, kort 4). Liggur vegstæði C yfir kálgarðinn og því telst hann í stórhættu.

Grafnir voru tveir könnunarskurðir í meintar hleðslur umhverfis hólfín, SK-313182A og SK-313182B. SK-313182 A var grafinn í meinta veggheðslu á milli norðaustasta hólfins og miðhólfins en SK-313182B var grafinn í meinta veggheðslu á milli suðvestasta hólfins og miðhólfins. Voru niðurstöður úr þessum skurðum svipaðar, en í báðum sniðum mátti sjá ummerki um grófgerðar hleðslur úr sendnu torfi, með rústrauðum linsum, sem byggðar voru ofaná uppmokstur úr garðinum. Í uppmoksturslaginu mátti sjá greinilegar plastleifar og er því ljóst að hleðslurnar ofaná uppmoksturslaginu eru frá 20. öld. Í skurði SK-313182B mátti þó einnig sjá greinilegan hreyfðan jarðveg, sem innihélt torfbletti og grófgerðar hleðslur sem hvoru tveggja var undir veiðivatnagjósku V-1717 en ofan á V-1477. Engin mannvistarlög sáust undir V-1477 og því er líklegt að einhver ræktun hafi farið fram á þessum stað eftir 1477 en fyrir

1717(sjá nánar meðfylgjandi sniðteikningar, myndir 18-19 og töflu 9 sem inniheldur lýsingar á jarðlögum).



Mynd 18: Teikning af suðursniði könnunarskurðar SK-313182A.



Mynd 19: Teikning af norðursniði könnunarskurðar SK-313182B.

Tafla 9: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurðum SK-313182A og SK-313182B

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
182001	SK-313_182A	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa
182002	SK-313_182A	Jarðlag	Grófgerð torfhleðsla. Sendið torf með rústrauðum linsum.
182003	SK-313_182A	Jarðlag	Sendinn torfkenndur jarðvegur. Svipað efni og í [182002]. Inniheldur plastleifar.
182004	SK-313_182A	Jarðlag	Grábrún sendin mold. Virðist óhreyfð.
182005	SK-313_182A	Jarðlag	Blandað lag samsett úr grábrúnum og rauðbrúnum linsum, ásamt linsu af H3. Virðist hafa orðið til vegna frosthreyfinga.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
182006	SK-313_182A	Jarðlag	Dökkrauðbrún mold. Virðist aðeins rótuð. Situr beint ofaná V-1477. Gæti bent til athafna á staðnum áður en [182002 og [182003] urðu til.
182007	SK-313_182A	Jarðlag	Grábrún fokmold á milli V-1477 og H-1300.
182008	SK-313_182A	Jarðlag	Dökkgrábrún fokmold. Beint undir H-1300. Sést aðeins austast í sniðinu.
182009	SK-313_182A	Jarðlag	Dökkrauðbrún fokmold.
182010	SK-313_182A	Jarðlag	Rauðbrún fokmold á milli H3 og H4.
182011	SK-313_182A	Jarðlag	Rústrauð fokmold undir H4.
182012	SK-313_182A	Jarðlag	Sendinn blandaður hreyfður jarðvegur. Svipað efni og [182002] og [182003].
182013	SK-313_182A	Jarðlag	Sendinn blandaður hreyfður jarðvegur. Svipað efni og [182002], [182003] og [182012]
182014	SK-313_182A	Jarðlag	Líklega sama og [182006].
182015	SK-313_182B	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grasrót. Sama og [182001].
182016	SK-313_182B	Jarðlag	Svipað efni og í [182002], en mun verklegri og greinilegri hleðsla. Sendið torf með rústrauðum linsum.
182017	SK-313_182B	Jarðlag	Svipað efni og í [182003] en meira blandað.
182018	SK-313_182B	Jarðlag	Svipað efni og [182003] og [182017]. Inniheldur plastleifar.
182019	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrún mold beint ofaná V-1477.
182020	SK-313_182B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold.
182021	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrún mold. Virðist blönduð/hreyfð. Er undir V-1717. Bendir til athafna á svæðinu fyrir 1717.
182022	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrún fokmold. Er á milli V-1477 og H-1300. Virðist hafa orðið fyrir barðinu á frosthreyfingum og/eða rofi.
182023	SK-313_182B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Líklega sama og [182025] og [182027] en tengsl rofin af frosthreyfingum.
182024	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrún fokmold. Er á milli V-1477 og H-1300. Virðist hafa orðið fyrir barðinu á frosthreyfingum og/eða rofi. Líklega sama og [182022]
182025	SK-313_182B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Líklega sama og [182023] og [182027] en tengsl rofin af frosthreyfingum.
182026	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrún fokmold á milli H3 og H4.
182027	SK-313_182B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Líklega sama og [182023] og [182025] en tengsl rofin af frosthreyfingum.
182028	SK-313_182B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold. Undir H3.
182029	SK-313_182B	Jarðlag	Grábrúnt blandað lag. Undir V-1717. Greinilegar torflinsur, einkum rústrauðar og gráar. Hugsanlega grófgerðar hleðslu. Klár merki um athafnir fyrir 1717.
V-1717	SK-313_182B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/Bárðarbungukerfinu frá 1717.
V-1477	SK-313_182A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
H-1300	SK-313_182A/B	Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
H3	SK-313_182A/B	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.
H4	SK-313_182A/B	Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 4500 ára gömul.

SP-313:175 hús/óþekkt

Kofi sem að utanverðu lítur útfyrir að vera torfhlaðinn, er um 130 m sunnan við kálgarða SP-313:182 (sjá viðauka 1, kort 4). Þegar inn í hann er komið sést að hann er hlaðinn úr vikurholsteini, en þakinn torfi að utanverðu. Kofinn er á hjalla rétt norðan við mynni Laugardals og má sjá móta fyrir beðasléttum fyrir framan hann. Er hugsanlegt að þarna hafi verið ræktaðar kartöflur og kofinn því þjónað hlutverki kartöflugeymslu. Hús úr vikurholsteini koma fyrst til sögunnar, hér á landi á 3. áratug 20. aldar (Guðmundur Finnbogason 1943) og því getur kofinn ekki verið eldri en það. Vegstæði C liggur fast norðan við kofann Var hann mældur upp en sökum ungs aldurs, þótti ekki ástæða til frekari aðgerða.

SP-313:180 garðlag/vörslugarður

Vörslugarður er skráður við suðurjaðar hjallans sem kofi SP-313:175 stendur á, nánar tiltekið á norðurbrún laugardals, en þar má greinilega sjá móta fyrir hrygg sem fylgir dalsbrúninni í sveig frá austri til norðvesturs (sjá viðauka 1, kort 4. Sjá einnig Uggi Ævarsson 2007). Könnunarskurður, SK-313180, var grafinn í gegnum hinn meinta vörslugarð. Sáust engin mannvistarlög í þeim skurði, en hins vegar sást náttúrulegur malarhryggur, hulinn sandsteinshellu sem jarðlög höfðu safnast upp á, sem gerði þar það að verkum að svo virtist sem um garðlag væri að ræða (sjá ljósmynd af sniði, mynd 20.)



Mynd 20: Hluti af vestursniði könnunarskurðar SK-313183. Sést greinilega hvernig ljósu forsögulegu gjóskulögin úr Heklu, H3 og H4 leggjast, ásamt öðrum jarðlögum, upp á náttúrulegan hrygg.

SP-313:174 tóftir/Óþekkt

Tóft er skráð rétt sunnan við minni Laugardals, um 90 m suðvestur af kofa SP-313:175, um 10 m austan við þverhníptan sjávarbakka (sjá viðauka 1, kort 4). Sjá einnig Uggi Ævarsson 2012). Tóft þessi er ekki í beinni hættu vegna framkvæmda í vegstæði C en þó taldi minjavörður að hún gæti orðið fyrir áhrifum vegna umferðar vinnuvéla. Því var hún mæld upp og merkt á áberandi hátt til að verja hana raski. Við uppmælinguna fundust svo tvær aðrar tóftir sem skráðar eru undir sama númeri (sjá viðauka 1, kort 4). Hlutverk þessara mannvirkja er ekki alveg ljóst en þó er hugsanlegt að þau séu í einhverju samhengi við beitarhúsatóftir SP-313:105 sem er að finna um 90 m suðaustur af þeim (sjá hér að neðan).

SP-313:105 tóftir/beitarhús

Þrjár tóftir eru skráðar um 90 m suðaustur tóftum SP-313:174 og er um að ræða leifar beitarhúsa frá prestssetrinu á Húsavík, nefnd Laugardalshús (Uggi Ævarsson 2007). Vegurinn frá Húsavíkurhöfn út á iðnaðarsvæðið á Bakka kemur til með að liggja í jarðgöngum frá höfninni, að Laugardal. Eru Laugardalshús rétt sunnan við

norðurmunna ganganna og því ekki talin í beinni hættu vegna vegagerðarinnar (sjá viðauka 1, kort.4), en minjavörður taldi þó hugsanlegt að tóftirnar gætu orðið fyrir áhrifum vegna umferðar vinnuvéla og því voru þær mældar upp og merktar. Fundust fleiri fornleifar á svæðinu þegar uppmælingin var gerð, þ.e. tvær hugsanlegar tóftir og eitt garðlag sem eru greinilega hluti af sömu minjaheild og því skráð undir sama númeri.

Hér er vert að geta þess að á meðan fornleifarannsóknirnar stóðu yfir, þá var á sama tíma unnið að jarðvegsrannsóknnum í hinu fyrirhugaða vegstæði. Var í því ferli grafinn djúpur skurður, frá Laugardal, þvert í gegnum minjavæðið þar sem tóftir Laugardalshúsa eru, þrátt fyrir að öruggt hafi verið talið að svæðið yrði ekki fyrir raski. Réði slembilukka því að ekki var unninn skaði á minjum í þeirri framkvæmd og sýnir þetta dæmi að fyrirsmæli minjavarðar um að merkja minjarnar, voru ekki sett fram að ástæðulausu.

SP-313:181 tóft/óþekkt

Tóft er skráð um 50 m suðaustur af Laugardalshúsum SP-313:105 (Uggi Ævarsson 2007, sjá einnig viðauka 1, kort 4). Er þessi tóft ekki talin í beinni hættu vegna vegagerðar en þó taldi minjavörður hættu á að hún yrði fyrir áhrifum vegna umferðar vinnuvéla, sökum nálægðar við norðurmunna jarðganganna sem liggja eiga frá Húsavíkurhöfn að Laugardal. Því var hún mæld upp og merkt á áberandi hátt til að verja hana raski.


Lóðir B1-B6

SP-312:044 garðlag/óþekkt

Grípa þurfti til aðgerða vegna einnar fornleifar á svæði því sem nefnt hefur verið lóðir B1-B6 og er norðaustan við gamla heimatúnið á Bakka. Var um að ræða garðlag sem liggur austur-vestur meðfram norðurjaðri heimatúnsins (sjá viðauka 1, kort 8).

Samkvæmt fyrirsmælum minjavarðar var grafinn skurður, SK-312044, í garðlagið til að kanna aldur þess og gerð. Í honum sást að garðlagið var hlaðið úr strengjatorfi sem inniheldur V-1477 gjóskuna sem og H-1300 gjóskuna (sjá meðfylgjandi sniðteikningu, mynd 21 og töflu 10 sem inniheldur lýsingar á jarðlögum). Garðlagið er því klárlega hlaðið eftir 1477, en það er svipað að gerð og garðlög í áveitukerfi SP-312:021 sem

liggur um Bakkamýrarnar og var rannsakað haustið 2012. Er garðlag SP-312:044 því, að líkindum, hluti af því kerfi, en það er talið ekki geta verið eldra en frá 19. öld (Oddgeir Isaksen 2012b).



Mynd 21: Teikning af vestursniði könnunarskurðar SK-312044

Tafla 10: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurði SK-312044

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
44001	SK-312_044	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa.
44002	SK-312_044	Jarðlag	Torfhrun sem inniheldur V-1477.
44003	SK-312_044	Jarðlag	Gráleitt torfhrun.
44004	SK-312_044	Jarðlag	Torfveggur með V-1477 og H-1300 í torfi.
44005	SK-312_044	Jarðlag	Ljósrauðbrún fokmold.
44006	SK-312_044	Jarðlag	Grábrún leirkennd mold. Er á milli H3 og H4.
44007	SK-312_044	Jarðlag	Grábrún leirkennd mold. Ofaná H3.
44008	SK-312_044	Jarðlag	Rauðbrún fokmold.
V-1477		Jarðlag	Dökk gjóska úr Veiðivatna/ Bárðarbungukerfinu frá 1477.
H-1300		Jarðlag	Dökk gjóska úr Heklu frá því um 1300.
H3		Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 2900 ára gömul.
H4		Jarðlag	Forsöguleg Heklugjóska. Um 4500 ára gömul.

PCC-SE-lóðin (lóð B)

Byggingarlóð PCC-SE var talin afgreidd að mestu, haustið 2012, með tilliti til fornleifa (Oddgeir Isaksen 2012b). Haustið 2013 bættist þó við 5 fornleifar sem rannsaka þurfti að samkvæmt fyrirmælum minjavarðar og er niðurstöðum úr þeim rannsóknum lýst hér að neðan.

SP-313:191 þúst/óþekkt

Þúst SP-313:191, sem skráð er sem nr. 9:1 hjá Bjarna F. Einarssyni (Bjarni F. Einarsson 2012), er við suðurjaðar PCC-E lóðarinnar um 100 m austan við malarveg sem liggur norður-suður um Bakkaland (sjá viðauka 1, kort 3). Var um að ræða grjóthrúgu sem greinilega var manngerð.



Mynd 22: Þúst SP-313:191 eftir að gróður hafði verið hreinsaður af og yfirborðsjarðvegur Fjarlægður. Horft í vestur.

Tegundarskilgreiningin „þúst“ er notað yfir eitthvað sem lítur út fyrir að vera manngert, en ekki er hægt að skilgreina að öðru leyti. Er sú skilgreining látin halda sér til að gæta

samræmis við skráningu Bjarna F. Einarssonar. Minjar af því tagi, sem hér um ræðir, eru stundum einnig skráðar sem dysjar, en skilgreiningin „dys“ er stunum notað um grjóthrúgur sem greinilega eru manngerðar en ekki er hægt að skilgreina að öðru leyti. Geta dysjar svo reynst vera hrundar vörður og refagildrur eða jafnvel kuml, svo einhver dæmi séu nefnd.

Samkvæmt fyrirmælum minjavarðar þurfti að rannsaka þúst SP-313:192 með fullnaðaruppgreftri til að kanna eðli hennar og aldur ef hægt væri. Reyndist vera um að ræða þúkk upp að síma- eða rafmagnsstaur sem staðið hefur í grjótfóðraðri holu (sjá mynd 23). Hafði staurnum greinilega verið komið fyrir í holunni og hún síðan fóðruð með grjóti. Því næst hefur grjóti verið hrúgað upp að staurnum og það síðan heft með stórum steinum sem hlaði var í umhverfis hrúguna. Fundust ýmsir munir við uppgröftinn, m.a. úr plasti sem staðfestu, svo ekki væri um villst, að um væri að ræða minjar frá 20. öld.



Mynd 23: Þúst SP-313:191 eftir að grjót sem hrúgað hafði verið upp að staurnum hafði verið fjarlæggt. Má sjá grjótfóðraða holuna, eftir staurinn, hægra megin í jaðri steinhringsins sem hlaðinn hefur verið til að hefta grjóthrúguna.

SP-313:192 þúst/óþekkt

Meðan rannsókn á þúst SP-313:191 stóð yfir þá fannst önnur svipuð grjóthrúga, þúst SP-313:192, um 10 m vestar (sjá viðauka 1, kort 3) sem ekki hafði verið skráð áður og var það ákvörðun minjavarðar að hana þyrfti einnig að rannsaka með fullnaðaruppgrefti.

Þótt grjóthrúga þessi væri greinilega manngerð, reyndist ekki vera neitt skýrt form á henni. Gæti hafa verið um að ræða hrunda vörðu eða að grjóti hafi verið safnað á þennan stað, t.d til að nota í púkkið upp að staurnum sem SP-312:091 var hlaðin í kringum.



Mynd 24: Þúst SP-312:313 eftir að gróður hafði verið hreinsaður af henni og yfirborðsjarðvegur fjarlægður.

SP-312:075 garðlag/óþekkt

Haustið 2012 fannst garðlag, við rannsóknir á meintu vörðubroti, skráðu sem SP-312:067, sem talið er vera frá 10.-12. öld og var hin meinta varða hluti af hleðslum í því sem hundapúfa hafði safnast uppá. Er garðlagið staðsett um 30 m suðvestur af fjárréttinni á Bakka og liggur í sveig frá norðri til vesturs (sjá viðauka 1, kort 2) og mátti greina það á um 100 m kafla á vettvangi. Athugandir á loftmynd leiddu svo í ljós það sem virtist vera framhald af garðlaginu, um 180 m langur kafli, þar sem nú er slétt tún nálægt norðvesturhorni lóðarinnar, og virtist garðlagið sveigja til norðvesturs, út fyrir vesturmörk PCC-SE lóðarinnar og í gengum vegstæði C (Oddgeir Isaken 2012b).

Var það ákvörðun minjavarðar, haustið 2013 að rekja þyrfti garðlagið með röð könnunarskurða til að staðfesta legu þess eins og hún virtist vera á loftmynd. Þar sem garðlagið var ekki sýnilegt á vettvangi á þessum slóðum, þá þurfti að velja könnunarskurðunum stað á loftmynd og hlaða þeim upplýsingum síðan niður í GPS-stöð, sem síðan var notuð til að staðsetja skurðina á vettvangi. Voru grafnir þrír skurðir SK-312075 D, E og F, samkvæmt þessum upplýsingum. Er skemmst frá því að segja að engin ummerki um garðlagið sáust í skurðunum og engin önnur mannvistarlög.

Undanfarin 2 ár hafa starfsmenn Fornleifastofnunnar gert fjölda uppmælinga á fornleifum á rannsóknarsvæðinu á Bakka. Uppmælingar 2012 sem flestar voru gerðar norðan Bakkaár, pössuðu vel við loftmyndir, sem notast hefur verið við og fengnar voru á hjá Húsavíkurbæ þegar unnið var að fornleifaskráningu vegna álversins sem byggja átti á Bakka sínum tíma. Þegar unnið var úr mælingagögnum frá 2013 og þau lögð við gögnin frá 2012, kom þó í ljós skekkja á loftmyndunum sem olli því að skurðir SK-312075 D, E og F voru ranglega staðsettir, sem gæti skýrt hvers vegna engin mannvistarlög sáust í þeim (sjá viðauka 1 kort 2). Nauðsynlegt gæti því verið að endurgrafa skurðina vorið 2014, séu það fyrirmæli minjavarðar, að því gefnu að ekki verði búið að raska svæðinu, en áform voru um að hefja framkvæmdir á PCC-SE lóðinni þegar undir árslok 2013.

Fornleifar SP-312:066 og SP-312:067


Í norðurjaðri PCC-SE lóðarinnar er nokkuð stórt þúfnabelti og innan þess tvær fornleifar, tóft SP-312:066 og þúst SP-312:067, báðar á dálitlum hólbungum, sem rannsakaðar voru 2012. Samkvæmt fyrirmælum minjavarðar 2012 átti að rannsaka þessar minjar með könnunarskurðum og í framhaldinu gera fullnaðarrannsókn á þeim. Ákveðið var þó að láta könnunarskurðina nægja, en taka svo ákvörðun um fullnaðarrannsókn síðar. Reyndist tóft SP-312:066 vera, samkvæmt gjóskulagargreiningu, yngri en V-1477 gjóskan, en þó sáust einnig ummerki um eldri byggingarstig í skurðinum, jafnvel frá 10. öld. Í SK-312067A, sem grafinn var í þúst SP-312:067, sást svo greinileg torfhleðsla undir V-1477 gjóskunni og var talið að líklega væri um að ræða leifar garðlags. Það kom svo á daginn að ekki var talin ástæða til frekari aðgerða þar sem horfur voru á að þessar minjar yrðu ekki fyrir raski (Oddgeir Isaksen 2012b).

Þegar rannsóknir á Bakka, haustið 2013 langt komnar, bárust upplýsingar um veg sem leggja á við norðurjaðar PCC-SE lóðarinnar og kom þar fram að vegfylling kæmi til með að liggja yfir meint garðlag SP-312:067, en færi einnig nokkuð nærri tóft SP-312:066. Það var því ákvörðun minjavarðar að merkja þyrfti tóft SP-312:066 á áberandi hátt til að verja hana raski og rekja hið meinta garðlag SP-312:067, með frekari greftri könnunarskurða, en það var illgreinanlegt á yfirborði vegna þýfis. Einnig taldi minjavörður nauðsynlegt að grafa fleiri skurði á víðsvegar í þúfnabelti umhverfis þessar fornleifar til þess að kanna hvort þar væri að finna fleiri minjar.

Könnunarskurðirnir

Grafir voru tveir könnunarskurðir yfir hinu meinta garðlagi SP-312:067 og lá annar, SK-312067B, til vesturs inn á svæðið á milli þess og tóftar SP-312:066 en hinn, SK-312067C til suðurs. Auk þess var grafinn könnunarskurður SK-312067F þvert í gegnum þúfnabeltið á milli minjanna og tveir könnunarskurðir, SP-312067D og SP-312067E í austurjaðar þess, austan við SP-312:067. Loks var grafinn könnunarskurður, SP-312067G í þúst rétt norðan við SP-312:067 til að kanna hvort þar væri mannvirki að finna (sjá viðauka 1, kort 2).

Skemmst er frá því að segja að engin mannvistarlög sást í skurðum SK-312067F og SK-312067G en hins vegar sást merki um mikið raskað garðlag í skurðum SK-312067D og SK-312067E og í hluta skurðar SK-312067B sem náði einnig yfir SP-312:067. Þetta garðlag, sem samkvæm gjóskulagagreiningu er a.m.k eldra en 1477 (sjá meðfylgjandi sniðteikningu mynd 25 og töflu 11), virðist hafa legið umhverfis hólbunguna sem hið meinta garðlag SP-312:067 var staðsett á (sjá viðauka 1, kort 2, þar sem lega þess er áætluð)




Mynd 25: Teikning af suðursniði könnunarskurðar SK-312067D. Jarðlögum sem sást í sniðinu er lýst í töflu 11 hér að neðan.

Fljótlega eftir könnunarskurðir SK-312067B og SK-312067D höfðu verið opnaðir, kom í ljós að SP-312:067 var ekki garðlag, heldur reyndist vera um tóft að ræða og ákvað minjavörður að gera þyrfti fullnaðaruppgröft á henni.

Fullnaðaruppgröftur á tóft SP-312067

Yfirborðsjarðvegur var fjarlægður af tóftinni með skurðgröfu og reyndist vera um að ræða einfalda byggingu, um 10.6 m að lengd að ytra máli og um 5.6 m á breidd og lá hún norður suður. Að innanmáli var hún um 9 m að lengd og um 3,5 m á breidd og voru veggir hennar um 1 m á breidd þar sem þeir voru heillegastir, en þeir voru víða talsvert raskaðir vegna frosthreyfinga, einkum þó austurlangveggurinn.



Mynd 26: Þrívíddarmynd byggð á uppmælingum sem gerðar voru eftir að tóftin hafði verið afhjúpuð, en áður en torfhrunslög höfðu verið fjarlægð að fullu.

Á vesturlangveggnum, sem var hvað heillegastur mátti sjá að byggingin hafði verið hlaðin úr klömbruhnausum en þó sást strengjatorf á stökum stað. Byggingin var aðeins niðurgráfin og virðist sem skorið hafi verið fyrir útlínunum hennar og veggir síðan hlaðnir upp meðfram þeim niðurgreftri. Veggir byggingarinnar voru ekki fjarlægðir við uppgröftinn, þó slíkt sé venja þegar um fullnaðarrannsókn er að ræða, þar sem hugsanlegt er að hægt verði að komast hjá því að raska henni við vegagerðina og er jafnframt mögulegt að reynt verði að ganga þannig frá henni að hún verði sýnileg gestum og gangandi.



Mynd 27: Nærmynd af hleðslum í vesturlangvegg tóftar SP-312:067




Mynd 28: Horft til suðurs innan úr tóftinni. Undir veggjum hennar sést ljósa H3 gjóskan á sínum stað og er nokkuð greinilegt hvernig hún hefur verið skorin þegar stungið var fyrir byggingunni.

Engin afgerandi gólfög fundust í tóftinni og engir gripir, en flest mannvistarlögin sem grafin voru inná úr henni voru hrúnlög úr torfi. Eina frávikið frá þessu var lítið og þunnt

viðarkolalag([eining 67012]), rétt sunna við miðja bygginguna sem líklega hefur dreifst frá litlu eldstæði (eining [67035]) sem var þar rétt hjá. Eldstæði [67035] var um 3 cm þykkt kolalag, um 20 cm í þvermál þar sem mátti greinilega sjá merki um bruna. Hefur að líkindum verið kveikt lítið bál á þessum stað, líklega bara einu sinni, og síðan hafa aska og kol dreifst þar frá við umferð manna (og hugsanlega skepna) um húsið.

Raðir af stoðarholum fundust með fram langveggjum tóftarinnar sem bendir til þess að mannvirkið hafi verið undir þaki og gæti hafa verið um skepnuhús að ræða. Virtist sem stoðir hefðu verið færðar eitthvað til í nokkrum tilvikum auk þess sem stoðarsteinar voru yfir mörgum stoðarholanna. Þó væri nokkuð djúpt í árinni tekið að tala um mismunandi notkunarskeið þar sem torfhús eru þess eðlis að þau þarfnast stöðugs viðhalds og því er algengt að merki sjáist um minniháttar breytingar eða lagfæringar á þeim, eins og



Mynd 29: Einfölduð teikning af tóft SP-312:067 með stoðarholum og stoðarsteinum

tilfærslu á stoðum, lagfæringar á stoðum með stoðarsteinum, eða minniháttar viðgerðir á veggjum. Einnig fannst talsverður fjöldi af svokölluðum pinnaholum (litlar stoðarholur) sem taldar eru ummerki um innréttingar og voru flestar þeirra á um 0.5 m breiðu belti

sem lá þvert yfir miðja bygginguna sem gæti bent til að henni hafi verið skipt í tvennt með timburpili.

Engar afgerandi dyr sáust á rústinni en þó eru mögulegt að þær hafi verið nákvæmlega þar sem könnunarskurður SK-312067C var grafinn í gegnum suðurgafli hennar. Var hann grafinn í gegnum suðurvegginn til að fá skýrari mynd af vegghleðslum, áður en ákveðið var að fullgrafa rústina. Hinn möguleikinn er að dyrnar hafi verið norðarlega á austurlangveggnum en hluti hans hafði hrunið alveg út úr rústinni og dyrnar hugsanlega horfið þegar það gerðist.

Hvað varðar aldursgreiningu á rústinni út frá gjóskulögum þá fékkst sú greining á henni úr skurði SK-312067 A sem grafinn var haustið 2012, að hún væri a.m.k eldri en V-1477 gjóskan. Voru niðurstöður könnunarskurðum sem grafnir voru 2013 (SK-312067B og SK-312067C) þær sömu þar sem engin önnur gjóskulög en V-1477 sáust yfir vegghleðslum. Það hversu rústin var illgreinanleg á yfirborði og hversu illa farin hún var vegna frosthreyfinga, þótti þó vera merki um talsvert háan aldur. Kom í ljós að veggir hennar voru byggðir ofaná dökkt gjóskulag, úr Veiðivatna-Bárðarbungukerfinu, sem talið er hafa fallið um 940 (V-940). V-940 er yngsta gjóskulagið í svonefndri landnámssyrpu (LNS), sem er röð 6 gjóskulaga sem talin eru hafa fallið á um 200 ára tímabili, en af þeim er landnámslagið svonefnda V-871±2 líklega þekktast (sjá Oddgeir Isaksen 2012b). V-940 var einnig sýnilegt í torfi veggjanna en þar var einnig að finna aðra dökka gjósku, með örlítið grænleitum blæ, sem gæti verið lag úr Grímsvatnaeldstöðinni frá því um 800, sem er jafnframt hluti af landnámssyrpunni. Öruggt er að byggingin hefur verið byggð eftir 940 og fyrir 1477. Hins vegar má færa fyrir rök því að hún sé byggð talsvert löngu fyrir 1477 þar sem V-1477 sat hátt yfir vegghleðslunum og talsvert af fokmold á milli. Veggirnir voru auk þess byggðir nánast beint ofaná V-940 gjóskuna sem bendir til þess að þeir hafi verið hlaðnir stutt eftir að hún féll. Verða því að teljast nokkuð sterkar líkur á að byggingin hafi verið reyst á 10.-11 öld.



Mynd 30: Horft til norðurs yfir tóft SP-312:067 að loknum uppgrefttri.



Mynd 32: Horft til norðausturs yfir tóft SP-312:067 að loknum uppgrefttri.

Tafla 11: Lýsing á jarðlögum sem sáust í könnunarskurðum og við fullnaðaruppgröft á tóft SP-312:067.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
67001	SK-3120_67A	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur.
67002	SK-3120_67A	Jarðlag	Fokmold.
67003	SK-3120_67A	Jarðlag	Torfveggur. Sama og [67098]
67004	SK-3120_67A	Jarðlag	Blandað uppmoksturslag.
67005	SK-3120_67A	Niðurgröftur	Pæla þar sem stungið var fyrir byggingunni.
67006	SK-3120_67A	Jarðlag	Óhreyfð grá mold ofaná H3.
67007	SK-3120_67A	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún mold á milli forsögulegu gjóskulaganna H3 og H4. Sést eingöngu í norðursniði.
67008	SK-3120_67A	Jarðlag	Torfhrun samsett úr rústrauðum og gráleitum linsum.
67009	SK-3120_67A	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67010] sést eingöngu í fleti.
67010	SK-3120_67A	Niðurgröftur	Stoðarhola. Sést eingöngu í fleti. Gæti verið sama og [67093].
67011	SP-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola í norðurenda byggingarinnar.
67012	SP-312:067	Niðurgröftur	Þunnt Kolalag. Gæti hafa dreifst frá [67035] sem er lítið kolalag, um 20 cm í þvermál, með merkjum um bruna.
67013	SP-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola.
67014	SP-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67013]
67015	SP-312:067	Niðurgröftur	Lítil hola undir kolalagi [67012]. Gæti verið skóflufar.
67016	SP-312:067	Niðurgröftur	Lítil hola undir kolalagi [67012]. Gæti verið skóflufar.
67017	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun í suðausturhorni byggingarinnar. Gráar og brúnar linsur. Einnig grjót.
67018	SP-312:067	jarðlag	Torfhrun í suðausturhorni byggingarinnar. Gráar brúnar og fjólubláar linsur. Einnig grjót.
67019	SP-312:067	Jarðlag	Gulflekkótt torfhrun.
67020	SP-312:067	jarðlag	Fylling í stoðarholu [67021]. Inniheldur stein.
67021	SP-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola.
67022	SP-312:067	Jarðlag	Stoðarsteinn ofaná fyllingu [67023] í stoðarholu [67024].
67023	SP-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67024].
67024	SP-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola.
67025	SP-312:067	Jarðlag	Ljósulbrúnt torfhrun utan við vesturvegg.
67026	SP-312:067	Jarðlag	Stoðarsteinar ofaná fyllingu [670115] í stoðarholu [67116].
67027	SP-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67028]
67028	SP-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola austanmegin í tóftinni miðja vega á

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
			milli norður og austurenda.
67029	Sp-312:067	Jarðlag	Gráleitt og brúnt torfhrun í suðausturhornin tóftarinnar. Inniheldur bletti af H3 gjóskunni og 1 stein.
67030	Sp-312:067	Jarðlag	Torfhrun í suðausturhorni tóftarinnar. Samsett úr brúnum, dökkbrúnum og fjólubláum linsum. Inniheldur einn stein.
67031	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola. Fremur lítil og því að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins. Líklega ummerki um innréttingar.
67032	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67031]
67033	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola. Fremur lítil og því að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins. Líklega ummerki um innréttingar. Gæti verið í samhengi við holu [67031]
67034	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67033].
67035	Sp-312:067	Jarðlag	Kolalag hugsanleg merki um bruna. Gæti verið upprunni kolalags [67012]. Er um 20 cm í þvermál.
67036	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67037	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67036].
67038	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67039	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67038].
67040	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67041	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67040].
67042	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67043	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67042].
67044	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67045	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67044].
67046	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67047	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67046].
67048	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67049	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67048].
67050	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola .
67051	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67050].
67052	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67053	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67050].
67054	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67055	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67054].
67056	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67057	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67056]
67058	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
67059	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67058].
67060	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67061	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67060].
67062	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67063	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67062].
67064	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67065	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67064].
67066	Sp-312:067	Niðurgröftur	Ummerki um jöfnun á gólfi í norðurenda byggingarinnar.
67067	Sp-312:067	Jarðlag	Rauðbrúnt og dökkgrátt torfhrun úr veggjum. Vestanmegin í byggingunni.
67068	Sp-312:067	Jarðlag	Torfhrun. Ljósbrúnar og dökkgráar linsur.
67069	Sp-312:067	Jarðlag	Torfhrun utan við suðaustanverða bygginguna. Brúnar og svartar linsur.
67070	Sp-312:067	Jarðlag	Torfhrun við utanverðan norðurenda byggingarinnar.
67071	Sp-312:067	Jarðlag	Blandað lag af grábrúnu og vínráuðu torfi með blettum af H3 gjóskunni. Innihélt nokkra viðarkolamola. Hugsanlega jöfnunarlag? Gæti líka verið hrun.
67072	Sp-312:067	Jarðlag	Stoðarsteinn ofaná fyllingu [67073] í stoðarholu [67074].
67073	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67074].
67074	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola við vesturvegg, rétt fyrir norðan miðja byggingu.
67075	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola .
67076	Sp-312:067	Jarðlag	ylling í pinnaholu [67075].
67077	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola .
67078	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67077].
67079	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola, fremur lítil, að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins.
67080	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67079].
67081	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67082	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67081].
67083	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola, fremur lítil, að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins.
67084	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67083].
67085	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola.
67086	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67085].
67087	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola, fremur lítil, að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins.
67088	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67087].
67089	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
67090	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67089].
67091	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67092	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67091].
67093	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola við vesturvegg, nokkuð norðarlega í byggingunni.
67094	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67094].
67095	Sp-312:067	Jarðlag	Lítið torfhrunslag. Ofaná suðurvegg byggingarinnar.
67096	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67097] í norðurenda byggingarinnar.
67097	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola í norðurenda byggingarinnar.
67098	Sp-312:067	Jarðlag	Torfveggir byggingarinnar. Að mestu hlaðnir úr klömbrum.
67099	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67100	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67100].
67101	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67102	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67101].
67103	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67104	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67103].
67105	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67106	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67105].
67107	Sp-312:067	Niðurgröftur	Pinnahola.
67108	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í pinnaholu [67107]
67109	Sp-312:067	Niðurgröftur	Hugsanleg stoðarhola, við austurvegg, rétt sunnan við miðja byggingu. Er samt fremur grunn.
67110	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67109].
67111	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67112].
67112	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola, fremur lítil, að líkindum ekki hluti af burðarvirki hússins.
67113	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67014].
67114	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola.
67115	Sp-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67116].
67116	Sp-312:067	Niðurgröftur	Stoðarhola
67117	Sp-312:067	Jarðlag	Stoðarsteinn ofaná fyllingu [67113] í stoðarholu [6714].
67118	Sp-312:067	Jarðlag	Torfhrun á innanverðum austurvegg.
67119	SK-313_067B	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur.
67120	SK-313_067B	Jarðlag	Grófgerð dökkbrún fokmold.
67121	SK-313_067B	Jarðlag	Dálítið hreyf brún mold með blettum af H3. Gæti verið fok ofanaf hólum þar sem Sp-312:067 er staðsett.

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
67122	SK-313_067B	Jarðlag	Fokmold með blettum af H3. Gæti verið sama og [67121]
67123	SK-313_067B	Jarðlag	Fokmold með blettum af svartri gjósku (H-1300?).
67124	SK-313_067B	Jarðlag	Hugsanlegar torfhleðslur.
67125	SK-313_067B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold á milli H3 og H4.
67126	SK-313_067B	Jarðlag	Rauðbrún fokmold, undir H3.
67127	SK-313_067D	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa. Sama og [67141].
67128	SK-313_067D	Jarðlag	Grábrún, leirkennd fokmold.
67129	SK-313_067D	Jarðlag	Ljósbrún fokmold sem hefur blandast V-1477 vegna frosthreyfinga. Er tæknilega undir V-1477.
67130	SK-313_067D	Jarðlag	Torfhrun sem hefur lagst yfir rof sem inniheldur [67131]. Er tæknilega séð undir H-1300.
67131	SK-313_067D	Jarðlag	Grábrún fokmold sem situr í rofsári.
67132	SK-313_067D	Jarðlag	Torfhrun. Inniheldur linsur af H3. Einnig gráar, dökkgráar og rauðbrúnar linsur.
67133	SK-313_067D	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67134	SK-313_067D	Jarðlag	Torfhrun. Inniheldur nokkuð heillegar torfur með linsum af H3. Einnig vínráuðar, grábrúnar, gráar og rauðbrúnar linsur.
67135	SK-313_067D	Jarðlag	Torfhrun. Mjög blandað.
67136	SK-313_067D	Jarðlag	Torhleðslur, sem eru mikið gengnar til vegna frosthreyfinga. Innihalda strengi með linsum af H3 en einnig vínráuðar, ljógráar, rauðbrúnar, brúnar og dökkgráar linsur.
67137	SK-313_067D	Jarðlag	Mjög blandað lag. Hugsanlega uppmoksturslag sem fallið hefur til við byggingu garðlags umhverfis rúst SP-312:067.
67138	SK-313_067D	Jarðlag	Rauðbrún fokmold.
67139	SK-313_067D	Jarðlag	Rauðbrún fokmold á milli H3 og H4.
67140	SK-313_067D	Jarðlag	Rauðbrún fokmold undir H4.
67141	SK-313_067E	Jarðlag	Yfirborðsjarðvegur/grastorfa.
67142	SK-313_067E	Jarðlag	Ljósgrábrún fokmold.
67143	SK-313_067E	Jarðlag	Brún fokmold.
67144	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67145	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67146	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrúnt torfhrun. Inniheldur linsur af H3.
67147	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67148	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67149	SK-313_067E	Jarðlag	Brún fokmold.
67150	SK-313_067E	Jarðlag	Brún fokmold.
67151	SK-313_067E	Jarðlag	Torfhrun eða tilgengnar hleðslur. Inniheldur linsur af H3. Einnig vínráuðir, brúnir og gráir

Eininganúmer	Svæði/skurður	Tegund	Lýsing
			strengir.
67152	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold. Aðeins blönduð torfblettum. Situr í hugsanlegri pælu [67157]
67153	SK-313_067E	Jarðlag	Grábrún fokmold.
67154	SK-313_067E	Jarðlag	Mjög blandað lag. Mikið af torfblettum í ýmsum litum. Gæti verið uppmoksturslag tengt hleðslu garðlags umhverfis SP-312:067. Situr í pælu [67157].
67155	SK-313_067E	Jarðlag	Grágrænt leirkennt lag með talsverðu af járnútfellingum. Líklega náttúrulegt.
67156	SK-313_067E	Jarðlag	Lagskiptur leir. Hugsanlega lækjarset.
67157	SK-313_067E	Niðurgröftur	Hugsanleg pæla þar sem efni hefur verið tekið í garðlag umhverfist rúst SP-312:067
67157	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun aðallega veggjarhrun en gæti verið eitthvað úr þekju hvítar, svartar og brúnar linsur.
67158	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun innan byggingar. Líklega úr austurvegg. Rauðbrúnt að lit.
67159	SP-312:067	Jarðlag	Rauðbrúnt lag með skellum af H3. Gæti verið torfhrun.
67160	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun úr veggjum. Grátt og leirkennt, einnig linsur sem innihalda LNS gjósku, blandað brúnni fokmold
67161	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun. Samþjappað rauðbrúnt að lit. Inniheldur nokkra steina.
67162	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun innan byggingar. Líklega úr vesturvegg. Grábrúnt með dökkbrúnum til fjólubláum linsum.
67163	SP-312:067	Jarðlag	Þunt torfhrunslag, mjúkt og grábrúnt að lit.
67164	SP-312:067	Jarðlag	Torfhrun. Norðausturhorn byggingarinnar sem hefur hrunið út, mera og minna í heilu lagi. Hvítar, fjólubláar, svartar brúnar og gular linsur
67165	SP-312:067	Jarðlag	Dökkbrúnt torfkennt lag í norðurenda byggingar. Gæti verið gólfslag en þar sem það innihélt örlítið af lífrænu efni. Gæti þó allteins verið torfhrun.
67166	SP-312:067	Jarðlag	Fylling í stoðarholu [67011] inni hélt stein sem hefur verið komið fyrir í holunni undir stoð.
V-1477		Jarðlag	
H-1300		Jarðlag	
V-940		Jarðlag	
(LNS)		Jarðlag	
H3		Jarðlag	
H4		Jarðlag	

Niðurlag.

Alls voru 25 fornleifar til athugunar á PCC-SE lóðinni (svæði B), lóðum B1-B6 og vegstæði C haustið 2013. Samkvæmt mati minjavarðar var talið nóg að mæla og merkja 6 minjastaði með áberandi hætti, 2 minjastaðir voru einungis mældir upp, 13 voru mældir upp og rannsakaðir með könnunarskurðum, 3 voru rannsakaðir með könnunarskurðum og/eða fullnaðarrannsókn og 1 var ekki rannsakaður fyrir mistök en verður að líkindum kannaður vorið 2014. Alls voru grafnir 24 könnunarskurðir í 14 fornleifar. Hér að neðan verða loks dregnar saman helstu niðurstöður rannsókna haustið 2013.

PCC-SE lóðin (svæði B)

Alls voru 5 fornleifar til athugunar á PCC-SE lóðinni sem talið var að yrðu fyrir áhrifum vegna framkvæmda. Ætti rannsóknum að vera lokið ef undanskilinn er sá möguleiki að grafa þurfi frekari könnunarskurði vegna garðlags SP-312:075, en eins og fram hefur komið þá voru skurðir, sem grafnir voru vegna þess það haustið 2013, ranglega staðsettir vegna skekkju í loftmynd sem notuð var til að velja þeim stað (sjá umfjöllun um SP-312:075 hér að ofan. Endurgröftur skurðanna er þó háður umsögn minjavarðar og því að ekki sé þegar búið að raska svæðinu, en ef af verður, þá verður það gert vorið 2014.

Í töflu 12 hér að neðan er birtur listi yfir þær fornleifar sem voru til athugunar á PCC-SE lóðinni ásamt mótvægisáðgerðum og helstu niðurstöðum varðandi aldur þeirra og hlutverk.

Tafla 12: Fornleifar til athugunar á PCC-SE lóðinni (lóð B) 2013.

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Mótvægisáðgerðir	Niðurstöður/Aldur
SP-312:066	C	tóft/óþekkt	mæla/merkja	Tvö stig: Eftir 1477 og 10.-12 öld.
SP-312:067	B	tóft/útihús	skurðir/fullnaðaruppgröftur	Örugglega Fyrir 1477. Líklega 10.-12 öld.
SP-312:075	B	garðlag/Óóþekkt	Skurðir. (þarf hugsanlega að endurgrafa)	10.-12 öld

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Mótvægisaðgerðir	Niðurstöður/Aldur
SP-313:191	B	þúst/púkk upp að síma-eða rafmangstaur	fullnaðaruppgröftur	20. öld
SP-313:192	B	þúst/óþekkt	fullnaðaruppgröftur	20. öld


Svæði B1-B6 (iðnaðarlóðir)

Einungis ein fornleif var til athugunar á svæði B, garðlag SP-312:044 og reyndist vera um áveitugarð að ræða sem að öllum líkindum er hluti af áveitukerfi SP-312:021 sem rannsakað var haustið 2012 og er ekki talið geta verið eldra en frá 19. öld. Að svo stöddu er rannsóknunum á lóðum B1-B6 lokið.

Svæði C (vegstæði)

Alls voru 18. fornleifar til athugunar á svæði C sem talið var að gætu orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda. Rannsóknunum á þessu svæði er að mestu lokið, ef undan er skilið að miklar líkur eru á að rannsaka þurfi frekar, með fullnaðaruppgrefti, það svæði þar sem vegstæðið liggur nálægt minjum SP-312:005, SP-312:023 og SP-312:048. Þar fundust mannvistarlög, talin eru vera frá 10-11 öld, sem liggja á um 570 m² svæði, miðað við niðurstöður úr könnunarskurðum (SK-312005, SK-312023 og SK-312048). Verða þessar niðurstöður að teljast sterk vísbending um að mannvirki frá þeim tíma sé að finna á þessu svæði og því rík ástæða til frekari rannsókna áður en framkvæmdir geta hafist (sjá mynd 32). Einnig er mögulegt að gera þurfi fullnaðarrannsókn á fjárhústóft og að grafa könnunarskurð í þúst SP-313:193 sem, vegna mistaka, var ekki rannsökuð haustið 2013. Allt er þetta þó háð umsögn minjavarðar Norðurlands eystra.

Í töflu 13 hér að neðan er birtur listi yfir þær fornleifar sem voru til athugunar svæði C ásamt mótvægisaðgerðum og helstu niðurstöðum varðandi aldur þeirra og hlutverk.



Mynd 32: Yfirlit yfir hugsanlegt rannsóknarsvæði 2014 vegstæði C.

Tafla 13: Fornleifar til athugunar vegna vegstæðis C 2013.

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Mótvægisaðgerðir	Niðurstöður/Aldur
SP-312:005	C	heimild/útihús	merkt 2012/skurður	Aldur SP-312:005 er óljós en 10.-12 aldar mannvistarlög í nágrenninu
SP-312:023	C	heimild/skemma	merkt 2012/skurður	Aldur SP-312:023 er óljós en 10.-12 aldar mannvistarlög í nágrenninu
SP-312:030	C	tóft/fjárhús	mæla/skurður	18.-20. öld
SP-312:031	C	gata/leið	mæla	óljós aldur
SP-312:043	C	tóft/óþekkt	mæla/merkja	óljós aldur
SP-312:047	C	þúst/óþekkt	girt af 2012/skurður	Engin mannvistarlög sýnileg. Líklega náttúrmynd
SP-312:048	C	þúst/óþekkt	merkt 2012/skurður	Aldur SP-312:048 er óljós en 10.-12 aldar mannvistarlög eru í nágrenninu
SP-312:072	C	þúst/óþekkt	skurður	náttúrumynd
SP-313:095	C	tóft/fjárhús	merkja/	óljós aldur
SP-313:105	C	tóftir/beitarhús	mæla/merkja	óljós aldur
SP-313:174	C	tóftir/óþekkt	mæla/merkja	óljós aldur
SP-313:175	C	hús/geymsla	mæla	20. öld
SP-313:177	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður	Undirstöður kofa. Líklega frá 20. öld
SP-313:180	C	garðlag/vörslugarður	mæla/skurður	náttúrumynd
SP-313:181	C	tóft/óþekkt	mæla/merkja	óljós aldur

Fornleif	Svæði	Tegund/Hlutverk	Mótvægisgerðir	Niðurstöður/Aldur
SP-313:182	C	gerði/kálgarður	mæla/skurður	Aldur 20. öld. Ummerki um eldri mannvist á milli V- 1717 og V-1477
SP-313:193	C	þúst/óþekkt	mæla/skurður	Skurður ekki grafinn. Aldur því óljós.
SP-313:194	C	gerði/kálgarður	mæla/skurður	18.-20. öld
SP-313:195		gerði/kálgarður	mæla/skurður	19.-20. öld

Heimildir

Guðmundur Finnbogason 1943 (ritstj.) *Iðnsaga Íslands*. Fyrri bindi, Reykjavík.

Lucas, Gavin. 2003. *Archaeological field manual*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Oddgeir Isaksen, 2012a. *Tvær byggingarlóðir og vegstæði á Bakka, Tjörnesi. Fornleifakönnun 2012*. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, FS489-12041, Reykjavík.

Oddgeir Isaksen 2012b. *Fornleifauppgröftur á Bakka á Tjörnesi 2013*. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, FS503-12042, Reykjavík.

Sigurður Bergsteinsson, 2012. Minjavörður Norðausturlands eystra. Bréf dagsett 4. júlí 2012, Fvr 2012070009/SB.

Sigurður Bergsteinsson 2013. Minjavörður Norðurlands eystra. Bréf dagsett 18. september 2013, Málsnúmer 2013050018.


Sigurður Þ. Guðmundsson og Torfi Jóhannesson, 2005. „Fjárhúsgólf, samanburður sex gólfgerða.“ *Fræðaping landbúnaðarins 2005, ráðstefnurit*. Bændasamtök Íslands, Reykjavík.


Uggi Ævarsson 2007. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers við Bakkahöfða*. Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, FS359-07191, Reykjavík.


Viðauki 1. Fornleifakort











Fornleifakort 5. Vegstæði C.
Kálgarðar norður af
Laugardal.



Fornleifakort 6. Vegstæði C. Forvaði.



Skýringar

- ◆ Bakki_2012_fornleifar_punktar
- Garðlag
- Prufus
- Toft
- Bakki_2012_reiðgötur

0 25 50 100 150 200 Meters

